# GKG ársrit 2021




LEXUS
UX 300e
HREINRÆKTAÐUR RAFMAGNSBÍLL.
ALGJÖRT AUGNAYNDI OG DRAUMUR
Á VEGINUM. FRAMTÍÐIN ER KOMIN.
KOMDU OG REYNSLUAKTU.
UX
LEXUS
EXPERIENCE AMAZING
Lexus-Ísland – Kauptúni 6, Garðabæ – lexus.is



Guðmundur
formaður GKG

***Ágætu félagar!***

Við erum nú að ljúka okkar 28. starfsári hjá GKG. Þó ekki séu nein sérstök tímamót í okkar starfsemi finnst mér gott að líta til baka og velta fyrir mér nokkrum staðreyndum úr starfinu og kannski ekki síst þeim feikilegu umskiptum sem hafa orðið í aðstöðu okkar og aðbúnaði. Að mínu mati var það mikið gæfuspor, sem stigið var 24. mars 1994, þegar Golfklúbbur Garðabæjar og Golfklúbbur Kópavogs, ákváðu að sameinast undir nafni Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, GKG. Kannski má segja, að ekki hafi verið margt sem hægt var að sameina, nema viljann til að vinna saman að uppbyggingu félags, sem hafði áhuga á að koma upp golfvelli, þar sem íbúar beggja sveitarfélaganna gætu spilað golf og átt góðar samverustundir. Án þess að gleyma mér alveg í sögunni, þá verð ég að nefna það, sem trúlega hefur ráðið mestu um alla þá miklu uppbyggingu sem orðið hefur í starfsemi GKG, en það er aðkoma beggja sveitarfélaganna, Kópavogs og Garðabæjar. Það hefur verið gæfa GKG alla tíð að hafa haft framsýnt fólk í báðum sveitarfélögunum, sem gerði sér strax grein fyrir mikilvægi þessarar starfsemi og hafa stutt vel við bakið á okkur. Saman höfum við byggt upp eina glæsilegustu íþróttamiðstöð landsins með fullkominni félags- og veitingaaðstöðu ásamt fullkomnasta inniæfingasvæði landsins, jafnvel þó víðar væri leitað.

Við erum hvergi nærri hætt í okkar uppbyggingu, því næstu stóru verkefnin eru bygging nýs 9 holu golfvallar í stað Mýrarinnar og síðan bygging á nýju áhaldahúsi, sem fyrirhugað er austan 3. brautar á Leirdalsvelli. Nú þegar liggja fyrir drög að rúmlega 1200 fm. húsi, sem mun trúlega kosta um 450 milljónir króna. Viðræður hafa verið í gangi við bæði sveitarfélögin um að þau komi að byggingu hússins með svipuðum hætti og þau gerðu við byggingu golfskálans. Þó ekkert sé enn í hendi varðandi byggingu áhaldahússins, þá er ég mjög bjartsýnn á að við getum hafist handa við byggingu á næsta ári. Nú í sumar var unnið við brautir 2 og 9 á nýja vellinum og verða þær væntanlega nýttar sem æfingasvæði þar næsta sumar. GKG á 30 ára afmæli 2024, og af því tilefni höfum við sótt um að Íslandsmótið í höggleik verði haldið á Leirdalsvelli það ár.

## Stjórn GKG



Efri röð frá vinstri:
Tómas Sigurðsson, meðstjórnandi,
Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi,
Sigurður Kristinn Egilsson, gjaldkeri,
Björn Steinar Stefánsson, meðstjórnandi,
og Sigmundur Einar Másson, meðstjórnandi.
Neðri röð: Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir, meðstjórnandi,
Guðmundur Oddsson, formaður,
Ásta Kristín Valgarðsdóttir, varaformaður og
Ragnheiður Stephensen, ritari.

## EFNISYFIRLIT


4. Skýrsla stjórnar
8. Stjórn og nefndir
9. Skipting félagsmanna
10. Íþróttasvið
19. Kvennanefnd
23. Mótanefnd
26. Úrslit Meistaramóts 2021
29. Háttvísibikarinn
31. Nýr starfsmaður
32. Nýting valla
33. Öldungar 65+
35. Vallarstjóri
39. Vallarnefnd
40. Áritun stjórnar
41. Áritun óháðs endurskoðanda
44 - 45. Rekstraryfirlit og Efnahagsreikningur
46. Sjóðstreymi
48. Líflegur golfklúbbur (myndir)
56. Klúbbmeistarar 2021





**Agnar Már Jónsson**
framkvæmdastjóri GKG
agnar@gkg.is

**Ársrit GKG 2021**
Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.
Ábyrgðarmaður: Agnar Már Jónsson.
Umbrot: Sigurður Hlöðversson.
Ljósmyndir: Agnar Már Jónsson, Guðmundur Árni Gunnarsson, Marinó Már Magnússon, Magnús Már Harðarson ræsir og myndir frá félagsmönnum.
Prentun: Svansprent.



## Stjórnarstörf

Eftir síðasta aðalfund, sem haldinn var 26. nóvember 2020, var stjórn GKG svona skipuð:

Guðmundur Oddsson, formaður
Ásta Kristín Valgarðsdóttir, varaformaður
Ragnheiður Stephensen, ritari
Sigurður Kristinn Egilsson, gjaldkeri
Björn Steinar Stefánsson, meðstjórnandi
Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi
Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Sigmundur Einar Másson, meðstjórnandi
Tómas Sigurðsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt 9 bókaða fundi á starfsárinu og skipaði hún formann, gjaldkera og framkvæmdastjóra í samninganefnd við Garðabæ vegna breytinga sem verið er að gera á athafnasvæði GKG. Nefndin hefur haldið nokkra fundi og má segja að málin þokist áfram í góðum anda. Stjórnarmenn gegna formennsku í hinum ýmsu nefndum á vegum klúbbsins og þannig fylgjast þeir náið með allri starfsemi hans.

## Starfsfólk

Það er gæfa okkar að hafa samhenta og trausta lykilstarfsmenn, sem hafa verið kjölfestan í rekstri klúbbsins undanfarin ár:

- Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri frá 2012
- Guðmundur Árni Gunnarsson, vallarstjóri frá 2001
- Úlfar Jónsson, íþróttastjóri frá 2004
- Guðrún Helgadóttir, skrifstofustjóri frá 2010
- Guðni Þorsteinn Guðjónsson, aðstoðarvallarstjóri frá 2018
- Hafsteinn Eyvindsson, vélamaður frá 2010
- Fannar Aron Hafsteinsson, verslunarstjóri frá 2019
- Andrés Guðmundsson, þúsundþjalasmiður frá 2016
- Arnar Már Ólafsson, afreksþjálfari frá 2019
- Ástrós Arnarsdóttir, þjálfari og skrifstofumaður frá 1. nóv. 2019
- Andrés Jón Davíðsson, þjálfari frá 1. jan. 2020

Vignir Hlöðversson hefur séð um veitingarekstur frá því síðla árs 2016, mun nú láta af störfum og hefur ekki verið ráðið í hans stað. Á sumrin bætist verulega í starfsmannahópinn hjá okkur og lætur nærri að starfsmenn séu á milli 50 og 60 þegar best lætur.

## Félagar í GKG

Árið 2021 eru 2257 skráðir í GKG, sem er fjölgun um 268 frá síðasta ári. Auk þess eru 400 - 500 börn, sem voru á golfleikjanámskeiðum. Í ár eru 1384 fullborgandi félagar og að auki 121 á aldrinum 19 – 25 ára, sem borga nokkru lægra árgjald. Ellismellir eru nú 295 en voru 248 í fyrra. 12 ára og yngri eru nú 231 og 13 til 18 ára eru nú 226. Karlar eru 67, 2%, en konur eru 32, 8%, sem er sama hlutfall og var á síðasta ári. Það er markmið okkar að jafna kynjamun í klúbbnum á tímum jafnréttis með því að laða fleiri konur í klúbbinn. Við höfum oft talað um það að æskilegt sé að fullborgandi félagar séu um 1300 og nú höfum við náð þeirri tölu og gott betur, því má segja að klúbburinn sé

fullur. Á hverju ári verða nokkrar breytingar á félagaskránni og nú í nokkur ár hafa um 15% félaga hætt á hverju ári, en sem betur fer hefur nánast sami fjöldi komið í staðinn. Fróðlegt verður að sjá hvað gerist á næsta ári.

## Félagsstarfið

Með tilkomu nýju íþróttamiðstöðvarinnar hafa opnast ýmsir möguleikar fyrir félagsmenn til að efla félagsstarfið. Kvennanefndin hefur starfað af miklum dugnaði undir stjórn Ástu Kristínar Valgarðsdóttur. Konurnar hafa verið með ýmis mót og aðrar uppákomur, sem er mjög til fyrirmyndar og hefur dugnaður þeirra vakið athygli hjá öðrum klúbbum. Eins hefur starf eldri kylfinga verið mjög kröftugt undir stjórn Hrefnu Sigurðardóttur. Þá er komin nokkur festa í skipulagðar golfferðir á vegum GKG, en reynt er að fara tvær ferðir á ári, bæði vor og haust. Covid19 olli því að vorferðin féll niður í ár, en farið var í haustferð til Portúgals. Við gerum okkur vonir um að næsta ár verði betra og við getum aftur farið saman í golfferðir bæði vor og haust. Við höfum farið til Búlgaríu, Póllands, Portúgals og Spánar og hafa um 40 – 60 manns verið í hverri ferð. Mikil gleði og ánægja hefur verið með þessar ferðir og því er bara að fylgjast vel með hvenær næst verður farið, því fyrstir koma, fyrstir fá.

## Vellir GKG

Vellirnir okkar, Mýrin og Leirdalurinn, eru jú það sem allt snýst um og því er það grundvallaratriði að þeir séu ávallt í sem bestu ástandi en vitaskuld ræður tíðarfarið miklu um ástand þeirra. Þeir komu vel undan vetri að sögn vallarstjóra og voru þeir opnaðir 8. maí og var þeim endanlega lokað 1. nóvember.

Í skýrslu vallarstjóra kemur fram að miklar framkvæmdir voru á völlunum í sumar, eins og félagsmenn hafa væntanlega orðið varir við. Starfsmenn vallanna eiga sannarlega hrós skilið fyrir góða vinnu, sem miðar alltaf að hinu sama, þ.e. að gera vellina betri og betri. Ég vona að ég tali fyrir hönd allra félagsmanna í GKG þegar ég segi, að nú erum við komin með glæsilega golfvelli, sem við getum verið stolt af. Í framhaldi af stækkun íþróttamiðstöðvarinnar var farið í að gera nýja 2000 ferm. púttflöt sunnan við húsið. Þessi nýja púttflöt verður vonandi vel nýtt á komandi sumri.

Við höfum passað að endurnýja tækin okkar reglulega, því sum tækjanna eru í mikilli notkun og því er líftími þeirra eðlilega stuttur.

Alls voru spilaðir 56.771 hringir á völlunum í sumar, en voru 59.826 árið 2020. Mjög erfitt er að vera með nákvæman samanburð milli ára, vegna þess að golfboxið telur ekki mót eða þegar hópar skrá sig, eins og golf.is gerði. Á Mýrinni voru leiknir 29.044 hringir en 27.727 á Leirdalnum.

## Vinavellir

Á þessu starfsári hafa félagar getað farið á 15 vinavelli. Vellirnir eru á Hellu, Álftanesi, Akranesi, Keflavík, Grindavík, Borgarnesi, Selfossi, Sandgerði, Glanna, Brautarholti, Dalvík, Akureyri, Geysi, Hveragerði og á Ólafsfirði. Afsláttarkjör félagsmanna GKG eru nokkuð mismunandi eftir völlum, en nánari upplýsingar um þau eru á heimasíðu GKG. Á þessu ári greiddi GKG 3,1 milljón króna vegna þessa, sem er sama upphæð og var á síðasta ári. Engin ákvörðun hefur verið tekin varðandi næsta ár, en gera má ráð fyrir áframhaldi á þessu samstarfi.

## Samskipti við sveitarfélögin

Við höfum allt frá stofnun GKG átt í miklum samskiptum við sveitarfélögin Kópavog og Garðabæ. Þau samskipti hafa verið góð, enda má segja að þau séu grundvöllur þess að hægt sé að reka þá fjölbreyttu starfsemi sem GKG býður upp á í dag. Fjárfestingar í byggingum og völlum eru það miklar, að félagsmenn gætu aldrei staðið undir þeim einir og sér. Það er því mikið fagnaðarefni hve samvinnan hefur verið góð og nú í lok október fengum við formlega afhenta neðri hæðina með fullkomnustu inni æfingaaðstöðu á landinu. Heildarkostnaður við þessa aðstöðu okkar nam 449 milljónum króna og var hann allur greiddur af Garðabæ, en það var samkvæmt samningi okkar frá 26. september 2019. Kópavogur veitti okkur 14 milljónir króna til að endurhanna og byggja upp mjög gott æfingasvæði í Kórnum. Í framhaldi af viðbyggingunni við skálann fengum við aukið fjármagn, sem við nýttum til að hefja framkvæmdir við nýja völlinn. Þar voru byggðar tvær flatir og brautir 2 og 9 lagðar og sáð í þær. Fyrirhugað er að nýta þær sem æfingasvæði. Garðabær er með áform um hefja framkvæmdir í nálægð við áhaldahúsið okkar á næstu mánuðum. Það er því orðið löngu tímabært að hefja byggingu á nýju áhaldahúsi. Helgi Már Halldórsson arkitekt hefur lagt fram drög að



HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS
GARÐATORG 1
210 GARÐABÆR

OPIÐ 12—17 ALLA DAGA
NEMA MÁNUDAGA

WWW.HONNUNARSAFN.IS





nýju húsi, sem staðsett verður austan við 3. brautina á Leirdalnum á svipuðum slóðum og talað var um staðsetningu á golfskálanum á sínum tíma. Við höfum verið í viðræðum við sveitarfélögin um skeið og höfum lagt upp með að þau komi að fjármögnun byggingarinnar á svipaðan hátt og þau gerðu við byggingu golfskálans. Þessar viðræður hafa gengið vel, en ekki er hægt að hefjast handa fyrr en deiliskipulag Garðabæjar af svæðinu liggur fyrir.

## Golfsumarið 2021

Meistaramót GKG var haldið í 28. sinn í sumar og urðu þau Anna Júlía Ólafsdóttir og Sigurður Arnar Garðarsson klúbbmeistarar. Árangur GKG í landsmótum var glæsilegur og náðust 5 Íslandsmeistaratitlar. Hápunktur sumarsins var sigur þeirra Huldu Clöru Gestsdóttur og Arons Snæs Júlíussonar á Íslandsmótinu í höggleik, sem haldið var á Akureyri. Sigrar þeirra Arons og Huldu eru enn sætari af þeim sökum að bæði ólust þau upp í barna- og unglingastarfi GKG.

Nýtt met var sett hvað varðar fjölda barna og unglinga sem stunda golf hjá GKG, en yfir 830 voru skráð á æfingar og námskeið. Þetta hefur í för með sér miklar áskoranir hvað gæði varðar, að geta sinnt þessum ungu kylfingum, bæði varðandi æfingaaðstöðu á sumrin og starfsumhverfi þjálfara og leiðbeinanda. Framtíðaráform gera ráð fyrir framúrskarandi utanhúss aðstöðu fyrir öll högg innan við 100 metra, en þangað til þarf að ramma inn og skipuleggja betur þau grassvæði, sem við höfum.

## Fjármálin

Heildarrekstrartekjur á starfsárinu 2021 námu 392 m.kr., þar af voru félagsgjöld 52%. Þá voru aðrir stórir tekjupóstar eins og leigutekjur, sem skiluðu 15,4 % og rekstraframlög fyrirtækjasamningar, sem skiluðu 12,5%. Heildar rekstrarútgjöld námu 332 m.kr. og því var EBITDA hagnaður klúbbsins 60 m.kr. Afskriftir voru rúmar 36 m.kr. og fjármagnsliðir voru rúmar 15 m.kr. og því er rekstrarhagnaður klúbbsins rúmar 9 m.kr.

Að framansögðu er ljóst, félagsgjöldin eru mikilvægasti tekjupósturinn, en stöðugt fleiri tekjupóstar eru að koma inn og styrkja þannig reksturinn. Vellirnir okkar voru frábærir í sumar og hafa fengið gott umtal meðal þeirra gesta sem heimsóttu okkur. Það er ánægjulegt að segja frá því, að aðsókn að GKG er mikil og eru nú komnir biðlistar um inngöngu í klúbbinn.

## Lokaorð

Það er ljóst við lestur þessa ársrits að starfsemi GKG er orðin býsna umfangsmikil. Við erum með marga starfsmenn sem allir stefna að sama marki, þ.e. að efla og bæta klúbbinn okkar. Öllu þessu fólki vil ég fyrir hönd stjórnar GKG þakka fyrir samstarfið. Þó við séum ánægð með starfið á þessu starfsári megum við í engu slaka á næstu árin. Tvö stór verkefni bíða okkar handan við hornið, en það eru bygging á nýju áhaldahúsi og nýr 9 holu golfvöllur. Garðabær er búinn að auglýsa lóðir sunnan og vestan við áhaldahúsið og gerir ráð fyrir að úthluta þeim á næstu vikum. Áform Garðabæjar eru mun fyrr á ferðinni en við höfðum gert ráð fyrir og því verður að hraða verulega því skipulagsferli sem nú er í gangi. Helgi Már Halldórsson arkitekt er að teikna áhaldahúsið og þar hefur farið fram þarfagreining og miklar vangaveltur. Við verðum að hefja framkvæmdir á næsta ári. Þá hefur Snorri Vilhjálmsson unnið að hönnun á nýja vellinum og verðum við að setja kraft í þá vinnu og ljúka hönnun vallarins sem fyrst. Þessi breytta tímalína hjá Garðabæ með framkvæmdir mun hafa veruleg áhrif á barna- og unglingastarfið hjá okkur næstu sumur. Í lokin skulum við gleðjast yfir fullt af góðum hlutum sem hafa gerst hjá okkur á þessu starfsári. Framtíðin er björt hjá GKG.

**Guðmundur Oddsson,**
**formaður**



## Stjórn og nefndir 2021

Formaður
Guðmundur Oddsson
Varaformaður
Ásta Kristín Valgarðsdóttir
Gjaldkeri
Sigurður Kristinn Egilsson
Ritari
Ragnheiður Stephensen
Meðstjórnendur
Björn Steinar Stefánsson
Tómas Sigurðsson
Einar Gunnar Guðmundsson
Sigmundur Einar Másson
Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri
Agnar Már Jónsson
Skrifstofustjóri
Guðrún Helgadóttir
Vallarstjóri
Guðmundur Árni Gunnarsson
Aðstoðarvallarstjóri
Guðni Þorsteinn Guðjónsson
Íþróttastjóri/PGA kennari
Úlfar Jónsson
Afreksþjálfari/PGA kennari
Arnar Már Ólafsson
Unglingaþjálfari/PGA kennari
Andrés Jón Davíðsson
Aganefnd
Bergþóra Sigmundsdóttir (formaður)
Ragnheiður Stephensen
Bergsveinn Þórarinsson
Forgjafarnefnd
Kjartan Bjarnason (formaður)
Sæmundur Melsted
Bergveinn Þórarinsson
Þorgrímur Björnsson
Íþróttanefnd
Sigmundur Einar Másson (formaður)
Gestur Þórisson
Helga Þorvaldsdóttir
Kvennanefnd
Ásta Kristín Valgarðsdóttir, formaður
Berglind Stefanía Jónasdóttir, varaformaður,
Arndís Berndsen, ritari
Valgerður Friðriksdóttir, gjaldkeri.
Kristín Kristmundsdóttir
Sólveig Smith,
Kristín Stefánsdóttir
Svala Vignisdóttir
Kynningarnefnd
Sigurður Hlöðversson
Öldunganefnd
Hrefna Sigurðardóttir (formaður)
Atli Ágústsson
Randver Ármannsson
Örn Ásmundsson
Svandís Bjarnadóttir
Gunnar Árnason
Vallarnefnd
Sigurður Kr. Egilsson, formaður
Björgvin Smári Kristjánsson
Einar Þorsteinsson
Elísabet Böðvarsdóttir
Sigurfinnur Sigurjónsson
Ingunn Einarsdóttir
Jón Ingvar Jónasson
Viðburðarnefnd
Ingibjörg Þ Ólafsdóttir, formaður
Guðrún Jóhanna Benediktsdóttir
Mótanefnd
Björn Steinar Stefánsson, formaður
Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir
Valgerður Ólafsdóttir
Jónína Pálsdóttir
Sóley Giða Jörundsdóttir
Ingibjörg Þ Ólafsdóttir
Ólafur Arnar Kristjánsson
Guðjón Kolbeinsson
Einar Vignir Hansson
Dröfn Eyjólfsdóttir
Kristrún Sigurðardóttir
Elísabet S Arndal
Þ Hulda Alfreðsdóttir
Ragnheiður Stephensen
Eggert Ólafsson.
Siggi Smiður
Ingibjörg Steinþórsdóttir
Sigurjón Sigurjónsson
Ásta Kristín Valgarðsdóttir
Eva Ingva
Jörundur Þórðarsson
Ólöf Ásgeirsdóttir
Haukur Hermannsson
Helga S. Sigurgeirsdóttir
Gunar Árnason
Dómarar:
Bergsveinn Þórarinsson
Guðmundur Guðbjörnsson
Heimir Jón Guðjónsson
Helgi Már Halldórsson
Kjartan Bjarnason
Sæmundur Melstað
Þorgrímur Björnsson




**Búseta félagsmanna í lok starfsárs 2021**




**Aldursskipting félaga í lok starfsárs 2021**




**Kynjaskipting félagsmanna í lok starfsárs 2021 Allir félagsmenn**




Veldu **áhyggjuleysi**
í upplýsingatækni

ÞEKKING
thekking.is



# Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2021

## Barna-, unglinga- og afreksstarf

Allt frá stofnun GKG hefur barna-, unglinga- og afreksstarf verið hjartað í stefnu klúbbsins og hefur það skilað sér í öflugu uppbyggingarstarfi og glæsilegum árangri okkar fremstu kylfinga. Það er mikilvægt hverjum golfklúbbi að sinna barna- og unglingastarfi vel og fjölga þannig kylfingum til framtíðar. Það er einnig stefna okkar að vera fremst í flokki hvað varðar árangur, að eiga kylfinga í landsliðum og í atvinnumennsku. Þeim markmiðum viljum við sinna vel með framúrskarandi aðstöðu, afburðar þjálfurum og stuðningi félagsmanna.

Í þjálfun barna og unglinga, sem og afrekskylfinga, er unnið eftir leiðarvísi sem er að finna í Gæðahandbók GKG. Þar má einnig sjá helstu markmið.
GKG er fyrirmyndarfélag ÍSÍ frá árinu 2005 og hefur staðist endurnýjunarkröfur ÍSÍ allar götur síðan. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snýr að íþróttastarfi, þar sem m.a. er unnið eftir jafnréttisáætlun, forvarnarstefnu og siðareglum.

## Íþróttanefnd skipa:

Sigmundur Einar Másson, formaður
Gestur Þórisson
Helga Þorvaldsdóttir

## Foreldraráð:

Margrét Björg Guðmundsdóttir
Hrafnhildur Björnsdóttir
Unnur Helga Óttarsdóttir
Sigrún Íris Sigmarsdóttir
Marinó Már Magnússon
Stefán Þór Stefánsson
PGA kennarar, þjálfun og kennsla:
Arnar Már Ólafsson, afreksþjálfari
Andrés Jón Davíðsson, barna/unglingaþjálfari
Ástrós Arnarsdóttir, barna/unglingaþjálfari
Hlöðver Guðnason námskeið/einkakennsla
Gunnlaugur Elsuson námskeið/einkakennsla
Ragnhildur Sigurðardóttir námskeið
Úlfar Jónsson íþróttastjóri

Þjálfarar, auk aðstoðarleiðbeinenda á æfingum og leikjanámskeiðum á tímabilinu voru alls um 30 talsins.


Egils
MALT
Egils
Egils
APPELSÍN
MALT & APPELSÍN
Blandan mín
& blandan þín




## Golfleikjanámskeið GKG

GKG skartar fjölmennasta barna- og unglingastarfi golfklúbba landsins, og reyndar í öllum heiminum. Allt hefst þetta með því að kynna íþróttina fyrir þeim yngstu, og höfum við gert það í gegnum okkar geysivinsælu golfleikjanámskeið þar sem 400-500 börn frá 6-12 ára fá leiðbeiningar um fyrstu handtökin, golf- og siðareglur í gegnum golftengda leiki.

Golfleikjanámskeiðin eru mjög mikilvæg fyrir nýliðun í golfíþróttinni. Fyrir flesta er þetta fyrsta kynning af golfi og því mikilvægt að vel sé tekið á móti krökkunum og þeim sinnt vel.
Afrekskylfingar klúbbsins starfa sem aðstoðarleiðbeinendur á námskeiðunum, alls um 20 talsins á árinu, en Dagur Þórhallsson var verkstjóri.



# STOLTUR BAKHJARL BARNA- OG UNGLINGASTARFS GKG






Taflan hér fyrir ofan sýnir fjölda á golfleikjanámskeiðum GKG undanfarin fjögur ár.

### Golfleikjanámskeið GKG

GKG skartar fjölmennasta barna- og unglingastarfi golfklúbba landsins, og reyndar í öllum heiminum. Allt hefst þetta með því að kynna íþróttina fyrir þeim yngstu, og höfum við gert það í gegnum okkar geysivinsælu golfleikjanámskeið þar sem 400-500 börn frá 6-12 ára fá leiðbeiningar um fyrstu handtökin, golf- og siðareglur í gegnum golftengda leiki.

Golfleikjanámskeiðin eru mjög mikilvæg fyrir nýliðun í golfíþróttinni. Fyrir flesta er þetta fyrsta kynning af golfi og því mikilvægt að vel sé tekið á móti krökkunum og þeim sinnt vel.





Vinahópur Olís
Gerum eitthvað skemmtilegt
Ef þú ert með lykil þá ertu í Vinahópnum og færð afslátt af eldsneyti, veitingum og vörum auk ótal spennandi fríðinda og tilboða hjá fjölda samstarfsaðila.
Hr. Hnetusmjör
Getur slædað í bæinn og borgað helming af dæminu
olís
Vinur við veginn




Taflan sýnir fjölda skráðra iðkenda sem taka þátt í vetraræfingum GKG frá janúar – júní.




*Taflan sýnir fjölda skráðra iðkenda sem taka þátt í félagsæfingum GKG frá júní – nóvember.*





Loks má sjá heildarfjölda skráðra iðkenda iðkenda í GKG 18 ára og yngri. Inni í þessum tölum eru börn sem taka þátt í golfleikjanámskeiðum GKG, en þau fá takmarkaða félagsaðild, iðkendur á félagsæfingum og almennir iðkendur sem sækja ekki æfingar en spila golf af kappi yfir sumarið.

Öflugt barna- og unglingastarf er forsenda endurnýjunar í íþróttinni og heilbrigðs reksturs í framtíðinni. Eitt af höfuð markmiðum GKG er að viðhalda öflugu forvarnarstarfi, vera leiðandi í barna- og unglingastarfi, laða að og halda börnum og unglingum í golfi.

## Keppnir barna- og unglinga

Við leggjum áherslu á að krakkarnir geti nálgast íþróttina á eigin forsendum. Sum börn vilja mæta á æfingar og stunda þegar þeim hentar, meðan önnur hafa brennandi áhuga og metnað til að ná langt. Við bjóðum upp á umgjörð sem sinnir hvoru tveggja. Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Líkt og undanfarin 14 ár vorum við með tvær innanfélagsmótaraðir, Floridana mótaröð byrjenda á Mýrinni og Egils Kristals unglingamótaröðina fyrir vanari börn og unglinga á Leirdalsvelli.

Floridana mótaröðin er mikilvæg fyrir fyrstu skrefin í keppni þar sem lögð er áhersla á afslappað andrúmsloft og að þau njóti sín að spila í góðum félagsskap. Á þessum vettvangi læra þau að fara eftir helstu golf- og siðareglum, halda skor osfrv., en krafa er gerð um að aðstandandi fylgi hverju barni svo allt gangi betur. Yfir 70 krakkar tóku þátt í a.m.k. einu móti í sumar í Floridana mótaröðinni, en alls voru haldin níu mót í sumar!

Kristals mótaröðin hentar þau börnum og unglingum sem hafa lækkað forgjöfina niður fyrir 36, eru orðin vön að leika 18 holur af sjálfsdáðum og geta haldið góðum leikhraða. Okkar upprennandi stjörnur hafa nýtt Kristals mótaröðina vel til að auka keppnisreynsluna.
Næsta skref í keppnisþátttöku er Áskorendamótaröð GSÍ, sem eru 18 holu mót, og loks Unglingamótaröð GSÍ, sem eru 36-54 holu mót leikin á tveimur til þremur dögum, ætluð forgjafarlægri börnum og unglingum. Þessar





mótaraðir gefa krökkunum tækifæri að leika á mismunandi völlum með krökkum úr öðrum klúbbum. Ein af forsendum okkar til þátttöku í framtíðar- og keppnishópum GKG er að taka þátt í þessum mótaröðum, en okkar markmið er að eiga breiðan hóp kylfinga í öllum mótaröðum GSÍ, og ná þar árangri.

## Afreksstarf GKG

Íslandsmeistaratitlar Arons Snæs Júlíussonar og Huldu Clöru Gestsdóttur voru stórkostlegir hápunktar á skemmtilegu keppnistímabili. Sigrar Arons og Huldu eru enn sætari af þeim sökum að bæði ólust þau upp í barna- og unglingastarfi GKG og hafa farið þá leið sem lýst var hér að framan. Þau eru mikil hvatning og góðar fyrirmyndir hinna fjölmörgu ungu efnilegra kylfinga sem æfa hjá GKG. Hinsvegar, eins og allir vita þá kemur árangur í hæsta gæðaflokki ekki af sjálfu sér.

Að baki árangurs Arons og Huldu liggur mikil vinna í mörg ár, þrautseigja þegar á móti blæs, jákvætt hugarfar á æfingum og á velli, góð aðstaða, góð þjálfun og ekki síst stuðningur félagsmanna og aðstandenda.

## Landsliðssæti

EM landsliða karla og kvenna
Aron Snær Júlíusson, Hlynur Bergsson og
Hulda Clara Gestsdóttir

EM landsliða pilta U18
Dagur Fannar Ólafsson og Gunnlaugur Árni Sveinsson
EM einstaklinga karla og kvenna
Aron Snær Júlíusson og Hulda Clara Gestsdóttir

The Amateur og The Womens Amateur
Aron Snær Júlíusson, Sigurður Arnar Garðarsson og
Hulda Clara Gestsdóttir

## Íslandsmeistaratitlar 2021

Íslandsmeistari karla í höggleik
Aron Snær Júlíusson

Íslandsmeistari kvenna í höggleik
Hulda Clara Gestsdóttir

Íslandsmeistari í holukeppni og höggleik 15-16 ára
Gunnlaugur Árni Sveinsson
Íslandsmeistarar golfklúbba 12 ára og yngri
Hvíta deildin: Arnar Daði Svavarsson, Benjamín Snær Valgarðsson, Björn Breki Halldórsson Kristinn Sturluson, Stefán Jökull Bragason.

Íslandsmeistarar golfklúbba 18 ára og yngri
Piltasveit: Gunnlaugur Árni Sveinsson, Breki G. Arndal, Dagur Fannar Ólafsson, Róbert Leó Arnórsson, Jón Þór Jóhannsson.

Íslandsmót golfklúbba 1. deild
A sveitir GKG höfnuðu í 2. sæti í karlaflokki og 4. sæti í kvennaflokki.

Stigameistari á Stigamótaröð GSÍ:
Aron Snær Júlíusson

Stigameistari á Íslandsbankamótaröð GSÍ:
Gunnlaugur Árni Sveinsson, 15-16 ára drengir

Klúbbmeistarar GKG
Anna Júlía Ólafsdóttir



Sigurður Arnar Garðarsson

## Atvinnukylfingar

Atvinnukylfingarnir og Íslandsmeistararnir Guðmundur Ágúst Kristjánsson og Bjarki Pétursson leika undir merkjum GKG sem atvinnumenn á Challenge Tour og Nordic League mótaröðunum. Það er mikil lyftistöng fyrir GKG að hafa tvo af fremstu kylfingum landsins innanborðs, en þeir gefa af sér til yngri kynslóðar GKG kylfinga og eru góðar fyrirmyndir.

Bjarki náði sér aldrei almennilega á strik á árinu en Guðmundur Ágúst hafnaði í 80. sæti á stigalista Challenge Tour, þar sem hann náði best 8., 12. og 14. sæti úr þeim 19 mótum sem hann tók þátt í á tímabilinu.

## Sérstakar viðurkenningar

Í lok hvers tímabils veitum við unglingum 18 ára og yngri sérstakar viðurkenningar fyrir glæsilegan árangur. Kylfingar ársins eru piltur og stúlka sem hafa sýnt framúrskarandi árangur í mótaröðum GSÍ. Efnilegustu eru þau sem hafa sýnt hvað mestar framfarir í mótum milli ára. Mestu





framfarir eru þau sem hafa lækkað forgjöf sína hlutfallslega mest, þá sérstaklega í gegnum í mótaþátttöku. Einnig er tekið tillit til þátttöku og árangurs í mótum, ástundunar, liðsvinnu, hugarfars, metnaðar ofl.

Mestu framfarir stúlkna og pilta: Eva Fanney Matthíasdóttir og Guðmundur Snær Elíasson
Tekið er tillit til hvort leikið var í mótum eða æfingahringjum. Meira vægi er sett á lækkanir í mótum sem og árangur í mótum.

Efnilegastur stúlkna og pilta (mesta bæting í mótum milli ára): Helga Grímsdóttir og Arnar Daði Svavarsson

Kylfingar ársins (framúrskarandi árangur): Karen Lind Stefánsdóttir og Gunnlaugur Árni Sveinsson

## Eldri kylfingar (LEK)

Flottur hópur eldri kylfinga úr GKG heldur keppnisgleðinni gangandi í mótaröð LEK. GKG átti 3 fulltrúa í landsliðum Íslands, Eftirtaldir kylfingar voru valdir í verkefnin:

Landslið eldri kylfinga
Evrópumót landsliða eldri kylfinga kvenna fór fram í Búlgaríu 31. ágúst – 4. september og Ísland varð í 12. sæti af 13. Þátttakendur frá GKG voru María Málfríður Guðnadóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir.

Evrópumót landsliða eldri kylfinga karla fór fram í Slóvakíu 31. ágúst – 4. september og Ísland varð í 12. sæti af 23. Þátttakandi frá GKG var Gunnar Páll Þórisson sem jafnfram var liðsstjóri.

Íslandsmót eldri kylfinga
Kvennalið GKG hafnaði í 2. sæti á Íslandsmóti golfklúbba. Karlaliðið varð í 4. sæti eins og karlalið 65+ í LEK móti liða.

## Golfakademía GKG

Borið hefur á vöntun golfkennslu fyrir hinn almenna kylfing og var brugðist við því og fjölgað verulega í kennarateymi Golfakademíu GKG, þar sem boðið verður upp á fjölbreytt námskeið, einka- og parakennslu. Stefanía Kristín Valgeirsdóttir hefur verið ráðin til að sjá um Golfakademíuna, auk þess að sinna sjálf námskeiðum, einka- og parakennslu.
Auk hennar bætast við í hópinn frábærir kennarar eins og Ragnhildur Sigurðardóttir og Magnús Birgisson, en þau eru flestum kylfingum að góðu



kunn, enda með áratuga reynslu sem golfkennarar. Ari Magnússon, Guðjón Grétar Daníelsson, Andrés Davíðsson, að ógleymdum Hlöðveri okkar Guðnasyni munu allir verða til taks í kennslu, svo allir kylfingar munu finna eitthvað við sitt hæfi, í frábærri aðstöðu Íþróttamiðstöðvarinnar.



## Utanhússæfingastaða

Sá mikli fjöldi barna- og unglinga, yfir 800 iðkendur 18 ára og yngri, sem æfir og stundar golf hjá okkur á sumrin, er ávallt mikil áskorun fyrir okkur að viðhalda gæðum í þjálfun og skipulagi. Þegar í lok sumars 2020 var hafist handa við að skipuleggja grassvæðin þannig að hægt væri að dreifa hópum betur þannig að meira næði skapist fyrir þjálfara og iðkendur að æfa markvisst. Sú skipulagning og fjölgun sleginna svæða fyrir stutta spils æfingar, skilaði mjög góðri raun og gengu æfingarnar mun betur í sumar. GKG státar af fjölmennasta barna- og unglingastarfi golfíþróttarinnar í heiminum. Stærð æfingasvæðisins skiptir því afar miklu máli, ekki einungis til að viðhalda gæðum, heldur einnig til að tryggja öryggi allra iðkenda.

Ef við horfum nokkur ár fram í tímann þá er framtíðin björt hvað var utanhússæfingaaðstöðu fyrir pútt og vipp og högg innan við 100 metra, en þangað til þurfum við að gera það besta úr stöðunni. Skerðing útiaðstöðu okkar torveldar okkur það verkefni.

## Innanhússæfingaaðstaða:

Innanhússæfingaaðstaða

GKG er í sérflokki hvað inniaðstöðu varðar. Í Íþróttamiðstöðinni geta kylfingar og æft og spilað við frábærar aðstæður allt árið. Auk þess er æfingaaðstaða okkar í Kórnum komin á sama stall hvað varðar gæði og Íþróttamiðstöðin, en þar eru 6 Trackman golfhermar í básum með öllum þeim búnaði sem þarf til að gera upplifun æfingarinnar og spilsins sem besta. Ennfremur er þar stór æfingaflöt og önnur minni.

Þessi framúrskarandi aðstaða gerir GKG kylfingum, hvort sem það eru börn og byrjendur, afrekskylfingar eða hvunndagshetjur, kleyft að stunda íþróttina og ná stöðugum framförum, í hvetjandi og notalegu umhverfi. Það er þó ákveðið áhyggjuefni að á sumrin er farið að bera á því að afrekskylfingar séu fullmikið innandyra að æfa eða slaka á, í stað þess að vera úti á vellinum að spila, því eftir allt, þá lærist golfleikurinn sjálfur ekki nema að stunda hann við raun-aðstæður á golfvelli.

## Lokaorð

Þróunin á aðstöðu GKG, þá sérstaklega hvað varðar golfvöllinn, félagsaðstöðuna og inniaðstöðuna, hefur verið ævintýrum líkast seinustu ár, og mikill heiður og ánægja að hafa tekið þátt í að móta. Þessari þróun er hvergi nærri lokið, með öllum þeim áskorunum sem í þeim eru fólgnar. Það er spennandi til þess að hugsa að innan fárra ára verður sú aðstaða sem félagsmönnum verður boðið upp á á heimsmælikvarða. Í lokin viljum við þakka öllum starfsmönnum, nefndarmönnum, aðstandendum og ekki síst sjálfboðaliðum fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu.

Áfram GKG!

f.h. Íþróttasviðs,
Úlfar Jónsson,
Íþróttastjóri

Sigmundur Einar Másson,
formaður íþróttanefndar





# Meiri séreign, meira val

Kynntu þér sveigjanlegan skyldulífeyrissparnað



## Skýrsla kvennanefndar GKG fyrir árið 2021

Núverandi stjórn kvennanefndar GKG tók til starfa á félagsfundi kvennanefndar sem haldinn var rafrænt þetta árið þann 27. janúar. Vel var mætt á fundinn þar sem m.a. voru tilnefndar konur til stjórnar kvennanefndar GKG. Núverandi stjórn skipa: Ásta Kristín Valgarðsdóttir, formaður, Berglind Stefanía Jónasdóttir, varaformaður, sem kom ný inn í stjórn á fundinum, Arndís Berndsen, ritari, Valgerður Friðriksdóttir, gjaldkeri. Meðstjórnendur eru: Kristín Kristmundsdóttir og Sólveig Smith, ásamt Kristínu Stefánsdóttur og Svölu Vignisdóttur sem komu einnig nýjar inn í stjórnina á fundinum. Tvær konur létu af stjórnarstörfum, þær Heiða Jóna Hauksdóttir og Sunna Hlín Gunnlaugsdóttir og er þeim þakkað kærlega fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

## Hlutverk kvennanefndar

- Stuðla að samvinnu og samstöðu kvenna í GKG og efla félagsanda meðal þeirra
- Skipuleggja æfingar, mót og aðra viðburði fyrir konur í samráði við þjónustustjóra
- Hlúa sérstaklega vel að og bjóða velkomna nýja félaga
- Að reynslumeiri konur leiki reglulega með reynsluminni konum
- Að eiga samstarf við aðra golfklúbba

## Markmið kvennanefndar

Að hlutfall kvenna í klúbbnum sé hærra en í nokkrum öðrum golfklúbbi á landinu.

Annað golfár í miðjum heimsfaraldri gekk í garð og var reynt að fara eftir þeim reglum sem í gildi voru á hverjum tíma fyrir sig og viðburðir því ekki margir sökum þess, en golfið gekk sinn vanagang, þó ekki hafi verið verðlaunaafhendingar eftir öll mótin.

Nefndin hélt áfram samvinnu við styrktaraðilana okkar sem hafa stutt okkur dyggilega síðustu ár. TARAMAR, sem er íslenskt sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu á húðvörum
sem draga úr sjáanlegum áhrifum öldrunar. Ásamt Víntríó ehf sem selur m.a. Freixenet freyðivín. Við þökkum þessum fyrirtækjum sem og öllum þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem gáfu okkur vinninga í ár og þökkum fyrir stuðninginn.

GKG konur hafa verið með fasta tíma á þriðjudögum í Kórnum, eftir áramót og var boðið upp á námskeið frá 26. janúar þar sem við fengum Hlöðver Guðnason PGA golfkennara til liðs við okkur í ár. Fjögur námskeið voru haldin frá lok janúar og út mars, hvert námskeið í fimm skipti og komust færri að en vildu.

Nýjung hjá nefndinni í vetur var golfhermamót og var fyrsta mótið í byrjun febrúar. Áætlað var að halda þrjú mót, fyrsta laugardag í febrúar, mars og apríl. Breyta þurfti fyrsta mótinu eftir fjöldatakmörkunum og skiptum við tímanum í tvennt þannig að tvær og tvær spiluðu saman í hermi. Mótið í febrúar var eðlilegt, með fjórum konum í hverjum hermi en því miður varð að fella niður síðasta mótið sökum takmarkanna. Mjög góð þátttaka var í golfhermamótin og var ákveðið að hafa fleiri slík næsta vetur.

Í sumar var hægt að spila golf líkt og áður þó einhverjar reglur voru tímabundið eins og t.d. að ekki máttu vera hrífur í sandinum og ekki mátti taka stangirnar úr holunum, allt var gert til að ekki væru sameiginlegir snertifletir í leiknum. Fastir golftímar voru alla þriðjudaga þar sem Mýrin var spiluð ásamt fjölmörgum mótum yfir sumarið og hófst golfsumarið á opnunarmóti á Mýrinni 11. maí. Mótin voru flest í Mýrinni og Leirdalnum en einnig vorum við með önnur mót í samvinnu við aðra golfklúbba. Mótin voru blönduð, bæði einstaklings og Texasscramblemót, með fullri forgjöf og einnig þar sem hámarksforgjöf var 36. Það er góður andi í kvennastarfi GKG og hefur verið notalegt að koma inn í skálann eftir spilið og njóta góðs matar og velgjörðar að hætti Vignis kokks, Tomma, Jönu, Hrefnu og þeirra fólks.

Farið var í árlega vorferð að Kiðjabergi á Sjómannadaginn, 6. júní, en farið var á einkabílum í ár og var spilað við heimakonur líkt og undanfarin ár. Alltaf gaman að spila Kiðjaberg og völlurinn kom vel undan vetri þar sem við fengum höfðinglegar móttökur að vanda þó veðurguðinn hafi ekki tekið eins vel á móti okkur.


FASTEIGNASALAN
TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali
KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR
Hringdu núna
520 9595
2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan
2021
Framúrskarandi fyrirtæki




Hin árlegu vinkvennamót voru haldin í júní og ágúst. Við spiluðum við GM konur í júní þar sem fyrst var spilað hjá okkur og svo buðu þær okkur til sín. Fyrra vinkvennamótinu lauk með sigri GKG kvenna eftir harða baráttu við konurnar úr Mosó. Seinna vinkvennamótið var við GR konur í ágúst þar sem við buðum þeim fyrst til okkar og svo spiluðum við Korpuna hjá þeim. Engin verðlaunaafhending var eftir þetta mót sem endaði einnig með sigri GKG kvenna.

Ekki voru haldnir neinir fyrirlestrar að þessu sinni vegna ástandsins og ákveðið var að vissuferðin okkar í ár yrði ekki á Flúðir heldur var ákveðið að spila í Sandgerði og var farið á einkabílum og voru rúllandi rástímar. Við náðum að halda lokahófið okkar og var það eitt það glæsilegasta sem haldið hefur verið, enda konur með mikla þörf fyrir að hittast loksins.

Þegar litið er til baka má segja að þetta hafi verið frábært golfár þar sem við gátum spilað mikið golf, bæði á okkar völlum og öðrum. Við létum ekki deigan síga þrátt fyrir ýmsar hömlur, héldum við dagskrá að mestu leiti, sem var fjölbreytt og hlaðin mótum í ár. Auk þess voru GKG konur duglegar að taka einnig þátt í öðrum mótum og viðburðum hjá klúbbnum, eins og meistaramóti, liðakeppni, mánudagsmótaröðinni og holukeppninni sem lauk með sigri GKG konu annað árið í röð, GKG konur eru einfaldlega bestar.
Til hamingju Heiðrún með holumeistaratitilinn.

Árinu lauk svo með veglegu lokamóti 18. september þar sem allar konur fengu verðlaun ásamt veglegum teiggjöfum frá Innnes og Perform.is. Við viljum þakka þessum fyrirtækjum og öðrum styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn í ár vonumst til áframhaldandi samstarfs á komandi ári.

F.h. kvennanefndarinnar viljum við þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi okkar í ár og gert það jafn glæsilegt og raun varð á. Fyrst og fremst hinni einu og sönnu GKG konu sem mætir í viðburðina okkar, án hennar væri ekkert kvennastarf. Hinum margrómaða GKG anda og síðast en ekki síst öllu starfsfólki GKG, þið eruð öll frábær. Hlökkum til næsta árs með ykkur.

Ég undirrituð þakka sérstaklega fyrir mig og óska nýrri stjórn velfarnaðar og hlakka til að fá að taka þátt í kvennastarfinu á komandi árum.

Áfram GKG!
Ásta Kristín Valgarðsdóttir.




Íslyft ehf

Vesturvör 32, 200 Kópavogi • Sími 514 1600 • www.islyft.is • islyft@islyft.is



## Skýrsla mótanefndar 2021

Skýrsla mótanefndar 2021
Störf mótanefndar í ár gekk almennt séð mjög vel þrátt fyrir þær takmarkanir sem Covid hefur leitt af sér síðustu tvö sumrin. Samtals voru spilaðir 7.066 golfhringir í mótum hjá GKG árið 2021, 5.305 á Leirdalsvelli og 1.761 á Mýrinni (sjá töflu).

| Völlur - tegund móts | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | Sept | Okt | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Leirdalur*** | ***505*** | ***1.458*** | ***1.751*** | ***660*** | ***819*** | ***112*** | ***5.305*** |
| 65+ | | 47 | | | 48 | | 95 |
| Einkamótaröð | 106 | 137 | 59 | 99 | 129 | | 530 |
| Fyrirtækjamót | 31 | 99 | 155 | 192 | 242 | | 719 |
| GKG konur | 78 | 107 | | 43 | 89 | | 317 |
| Innanfélagsmót | 143 | 231 | 1.358 | | 100 | 112 | 1.944 |
| Innanfélagsmót, Unglingamót | | | 61 | 29 | 63 | | 153 |
| Opin mót | | 185 | | 212 | 148 | | 545 |
| VITA - mánudagsmótaröð GKG | 147 | 211 | 118 | 85 | | | 561 |
| GSÍ unglingamót | | 441 | | | | | 441 |
| ***Mýrin*** | ***264*** | ***418*** | ***510*** | ***459*** | ***110*** | | ***1.761*** |
| 65+ | 55 | | 47 | | 49 | | 151 |
| Fyrirtækjamót | 70 | 24 | | 104 | | | 198 |
| GKG konur | 139 | 262 | 134 | 233 | 61 | | 829 |
| Innanfélagsmót | | 27 | 129 | | | | 156 |
| Innanfélagsmót, Unglingamót | | 23 | 200 | 122 | | | 345 |
| GSÍ unglingamót | | 82 | | | | | 82 |
| **Samtals** | **769** | **1.876** | **2.261** | **1.119** | **929** | **112** | **7.066** |

Langflestir rástímar voru vegna innanfélagsmóta eða 4.551. Munar þar að mestu um hápunkt sumarsins, Meistaramótið okkar sem var það 28. í röðinni. Alls voru skráðir 464 keppendur í mótið í 26 flokkum og luku 442 keppni. Þetta er langfjölmennasta meistaramót GKG sem haldið hefur verið. Á mótinu í fyrra voru keppendur 404, þ.e. 60 færri en í ár. Hjá körlum voru 2. og 3. flokkar fjölmennastir, en hjá konum voru flestar í 3. flokki. Nokkru færri keppendur eru nú í meistaraflokkunum en voru í fyrra og stafar það því, að nú eru ýmis landsliðsverkefni í gangi, sem ekki voru á síðasta ári. Önnur innanfélagsmót eru öldungamótin með 246 rástímum, kvennamót með 1.146 rástímum, unglingamót með 498 rástímum og VITA golf – mánudagsmótaröðin með 561 rástíma.

Í ljósi fjölgunar félagsmanna stilltum við öðrum mótum mjög í hóf. T.d. eru eingöngu 917 rástímar í fyrirtækjamótum. Af þeim eru eingöngu þrjú stór mót (255 rástímar), restin eru lítil 20 til 30 manna mót sem eru keyrð utan álagstíma eða milli kl. 12:00 og 16:00 á virkum dögum.

Þá eru 530 hringir í einkamótaröðum en það eru mót sem félagsmenn setja sjálfir upp en GKG setur upp í Golfboxi gegn þóknun.

**Hjóna- og parakeppnin** var haldin 5. Júní og var glæsileg af vanda og stemningin var hreint út sagt frábær. Troðfullt var í mótið og þrátt fyrir leiðindaveður mættu öll pör til leiks. Keppt var í betri bolta auk þess sem nándarverðlaun voru á öllum par 3 holum, næst 18 í tveimur höggum. Þá fengu þau pör sem voru í samstæðasta dressinu vegleg verðlaun. Um kvöldið mættu allir keppendur lokahófið þar sem borð svignuðu undan eðalkræsingum sem Viggi vert og hans fólk göldruðu fram og ljúfir tónar Magga ræsis tóku á móti fólki. Hrafnarnir, húsband GKG léku undir borðhaldi og eftir verðlaunafhendingu sá DJ Fox um stuðið. Verðlaunin voru ekki af verri endanum, ýmsar flíkur frá Icewear auk þess sem allir keppendur fengu teiggjöf frá Icewear. Viljum við þakka þeim hjá Icewear kærlega fyrir þeirra aðkomu að mótinu.

**GrasTec ehf** hefur þjónustað golfvelli í 15 ár
Áburður – Grasfræ – Bætiefni

Með vörum og þjónustu frá **GrasTec ehf** gerir þú
golfvöllinn betri fyrir þína félagsmenn og gesti

Þökkum **GKG** viðskiptin undanfarin ár

Aquatrols® BARENBRUG ICL Specialty Fertilizers

**GrasTec ehf – Akranes – GSM 895 6226 – grastec@grastec.is**




**Verðlaunasætin voru eftirfarandi:**
1. sæti – Þuríður Stefánsdóttir / Björgvin Gestsson
2. sæti – Björn Steinar Stefánsson / Þórveig Hulda Alfreðsdóttir
3. sæti – Jóhanna Hjartardóttir / Sigurður Kristinn Egilsson
4. sæti – Jón Arnar Jónsson / Heiðrún Líndal Karlsdóttir

**Nettó – unglinga- og Nettó – áskorendamótaraðirnar** voru haldnar á völlum GKG og er þetta í annað sinn sem við höldum þessi glæsilegu mót. Ekkert er til sparað við að gera þessi mót sem glæsilegust og aðstoðar Nettó okkur við alla umgjörðina. Teiggjafir eru veglegar og keppt er um Nettóbikarinn fyrir besta skor í höggleik á 54 holum í flokkum 17 – 21 árs pilta og stúlkna. Í öðrum flokkum fá keppendur verðlaun fyrir efstu þrjú sætin. Í lok móts er slegin upp veisla fyrir þátttakendur ásamt verðlaunaafhendingu. Þökkum við Nettó fyrri frábæran stuðning við barna- og unglingastarfið okkar.

## Innanfélagsmótaraðir GKG árið 2021

Í ár voru þrjár mótaraðir í gangi hjá GKG, fyrir utan Kristals- og Floridana mótaraðirnar sem ætlaðar eru barna- og unglingastarfinu. Þetta voru Vitagolf Mánudagsmótaröðin, Holukeppni GKG og Liðakeppni GKG. Eggert Ólafsson var mótsstjóri Mánudagsmótaraðarinnar, Sigurjón Sigurjónsson sá um Holukeppni GKG og Ingibjörg Þ Ólafsdóttir hafði umsjón með Liðakeppni GKG. Við viljum byrja á því að þakka þeim kærlega fyrir þeirra starf. Óhætt er að segja að þau hafi staðið sig virkilega vel í utanumhaldi og eiga stórt hrós skilið fyrir það.



**Vitagolf Mánudagsmótaröðin** fór fram 12 mánudaga sumarið 2021. Þrír bestu hringir töldu til sigurs, þannig að þessi mótaröð var sérstaklega hentug fyrir þau sem höfðu áhuga á að taka þátt í mótaröð en gátu ef til vill ekki skuldbundið sig við ákveðnar tímasetningar eða fjölda hringja. Mest tóku 79 kylfingar þátt og var það fyrsta mánudaginn, eftir það fór þátttakendum að fækka en þó voru þeir aldrei færri en 25.
Úrslit Vitagolf Mánudagsmótaraðarinnar voru eftirfarandi:

| **Karla** | **Nafn** | **Punktar** |
|---|---|---|
| 1. sæti | Ragnar Hilmarsson | 122 |
| 2. sæti | Helgi Bjarni Birgisson | 121 |
| 3. sæti | Jón Einarsson | 119 |
| **Konur** | | |
| 1. sæti | Hulda Sigurbjörnsdóttir | 126 |
| 2. sæti | Sigríður Ólafsdóttir | 122 |
| 3. sæti | Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir | 120 |

Við óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn og þökkum öllum sem tóku þátt kærlega fyrir að gera þessa mótaröð svona skemmtilega.

**Holukeppni GKG** er spiluð í tveimur flokkum, flokki karla og keppa sigurvegarar í hvorum flokki um titilinn Holumeistari GKG. Hámarksfjöldi þátttakenda var 64 í hvorum flokki fyrir sig og því samtals hefðu 128 kylfingar geta tekið þátt. Í karlaflokki tóku 64 þátt en í kvennaflokki 22.

**Karlar**
1. sæti Jón Arnar Jónsson
2. sæti Eggert Ólafsson
3. sæti Ari Ólafsson Thorlacius

**Konur**
1. sæti Heiðrún Líndal Karlsdóttir
2. sæti Ásgerður Gísladóttir
3. sæti Soffía Ákadóttir

**Holumeistari GKG 2021**
1. sæti Heiðrún Líndal Karlsdóttir
2. sæti Jón Arnar Jónsson
3. sæti Eggert Ólafsson

Sú skemmtilega staða kom upp í ár að það voru hjón sem unnu holumeistarar karla og kvenna. Þeim beið það hlutverk að keppa um titilinn Holumeistari GKG 2021. Einvígið var skemmtilegt og ekkert gefið eftir en á 17. holu stóð hún Heiðrún Líndal Karlsdóttir uppi sem sigurvegari.
Við viljum þakka öllum sem tóku þátt kærlega fyrir þátttökuna því það gerði þetta mót svo margfalt skemmtilegra og virkilega spennandi.

Síðast en ekki síst var **Liðakeppni GKG** haldin þar sem var ekki einungis keppt um besta spil í golfinu heldur er einnig verið að keppa um flottustu búningana og liðsstjóra ársins.
Einstök stemning myndast í kringum þetta mót bæði í aðdragandanum sem og í keppninni sjálfri. Alls tóku 16 lið þátt í mótinu í ár en 21 lið skráði sig til leiks. Munum við finna leið til að stækka mótið á næsta ári án þess að það komi niður á álagi á völlinn.
Úrslitaumferð liðakepnninnar var haldin sunnudaginn 29. ágúst og allir keppendur hittast í slútti í íþróttamiðstöðinni að kveldi þess dags. Samhliða verðlaunaafhendingu fyrir liðakeppnina verður verðlaunaafhending fyrir holukeppni GKG og VITA mánudagsmótaröð GKG.
Skemmst er frá því að setja að botnliðið frá því í fyrra, liðið sem fékk ekki eitt einasta stig tók sig saman í andlitinu og sigraði keppnina. Óskum við Seven Eagles og Albatross innilega til hamingju með sigurinn.

1. sæti Seven Eagles and Albatross
2. sæti Olsen bandið
3. sæti Sláandi

**Búningakeppn í liðakeppni**
Pörin

**Liðsstjóri**
Fjóla Rós Magnúsdóttir
Hlöðver Guðnason

Þökkum við öllum keppendum í liðakeppninni fyrir skemmtilega og drengilega keppni.
Kærar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa lagt hönd á plóg við að gera mótin hjá GKG einstök og eftirminnileg!

**Björn Steinar Stefánsson,**
formaður mótanefndar.

| Meistaraflokkur karla | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Högg alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Sigurður Arnar Garðarsson | 76 | 67 | 75 | 75 | 293 |
| Sigmundur Einar Másson | 72 | 70 | 78 | 73 | 293 |
| Úlfar Jónsson | 73 | 73 | 73 | 76 | 295 |

| 1. flokkur karla | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Högg alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðni Þorsteinn Guðjónsson | 77 | 77 | 76 | 79 | 309 |
| Kjartan Jóhannes Einarsson | 76 | 78 | 81 | 80 | 315 |
| Kristófer Eyleifsson | 77 | 75 | 85 | 79 | 316 |

| 2. flokkur karla | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Högg alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Garðar Snorri Guðmundsson | 86 | 81 | 85 | 83 | 335 |
| Helgi Hjálmarsson | 82 | 81 | 96 | 81 | 340 |
| Árni Steinar Stefánsson | 88 | 82 | 89 | 83 | 342 |

| 3. flokkur karla | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Högg alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Óli Halldór Sigurjónsson | 77 | 88 | 88 | 89 | 342 |
| Guðmundur Árni Ólafsson | 89 | 85 | 85 | 90 | 349 |
| Jón Þór Friðgeirsson | 91 | 85 | 88 | 90 | 354 |

| 4. flokkur karla (Punktar) | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Punktar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Friðrik Örn Arnórsson | 42 | 36 | 42 | | 120 |
| Atli Hilmarsson | 43 | 37 | 37 | | 117 |
| Magnús H Rögnvaldsson | 42 | 33 | 41 | | 116 |

| 5. flokkur karla (Punktar) | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Punktar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Jónmundur Grétarsson | 37 | 41 | 44 | | 122 |
| Sigurjón Vigfús Eiríksson | 39 | 37 | 39 | | 115 |
| Grétar Ingi Sigurðsson | 36 | 33 | 42 | | 111 |

| Meistaraflokkur kvenna | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Högg alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Anna Júlía Ólafsdóttir | 76 | 75 | 77 | 78 | 306 |
| Ingunn Einarsdóttir | 76 | 82 | 83 | 80 | 321 |
| Ingunn Gunnarsdóttir | 83 | 79 | 75 | 88 | 325 |

| 1. flokkur kvenna | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Högg alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir | 84 | 85 | 82 | 88 | 339 |
| Irena Ásdís Óskarsdóttir | 82 | 80 | 97 | 99 | 358 |
| Linda Arilíusdóttir | 93 | 94 | 86 | 89 | 362 |

| 2. flokkur kvenna | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Högg alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Hanna Bára Guðjónsdóttir | 88 | 86 | 93 | 88 | 355 |
| Guðrún Dröfn Eyjólfsdóttir | 94 | 91 | 91 | 85 | 361 |
| Ólöf Ásgeirsdóttir | 91 | 91 | 98 | 104 | 384 |

| 3. flokkur kvenna (Punktar) | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Punktar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjóla Rós Magnúsdóttir | 40 | 38 | 41 | | 119 |
| Ingveldur Björk Finnsdóttir | 40 | 40 | 38 | | 118 |
| Margrét Ásgeirsdóttir | 39 | 38 | 38 | | 115 |

| 4. flokkur kvenna (Punktar) | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Punktar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Eva Yngvadóttir | 44 | 42 | 41 | | 127 |
| Heiða Jóna Hauksdóttir | 36 | 40 | 39 | | 115 |
| Laufey Dís Ragnarsdóttir | 41 | 33 | 36 | | 110 |

| Telpur 10 ára og yngri | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Punktar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Hanna Karen Ríkharðsdóttir | 16 | 11 | 18 | | 45 |
| Una Björt Valgarðsdóttir | 15 | 9 | 12 | | 36 |
| Embla Dröfn Hákonardóttir | 0 | 8 | 15 | | 23 |

| Strákar 10 ára og yngri | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Punktar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Matthías Jörvi Jensson | 24 | 25 | 26 | | 75 |
| Helgi Freyr Davíðsson | 21 | 20 | 19 | | 60 |
| Patrik Máni Björnsson | 15 | 13 | 14 | | 42 |

| 12 ára og yngri strákar | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Arnar Daði Svavarsson | 34 | 38 | 39 | | 111 |
| Benjamín Snær Valgarðsson | 40 | 34 | 41 | | 115 |
| Stefán Jökull Bragason | 39 | 41 | 38 | | 118 |

| 12 ára og yngri stelpur | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Eva Fanney Matthíasdóttir | 41 | 44 | 40 | | 125 |
| Embla Hrönn Hallsdóttir | 45 | 52 | 41 | | 138 |
| Ríkey Sif Ríkharðsdóttir | 57 | 53 | 55 | | 165 |

| Drengir 13–14 ára | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Gunnar Þór Heimisson | 71 | 71 | 69 | | 211 |
| Snorri Hjaltason | 78 | 71 | 77 | | 226 |
| Óli Björn Bjarkason | 83 | 77 | 82 | | 242 |



| Stelpur 13–14 ára | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Helga Grímsdóttir | 82 | 80 | 86 | | 248 |
| Halla Stella Sveinbjörnsdóttir | 87 | 82 | 83 | | 252 |
| Elísabet Ólafsdóttir | 88 | 89 | 84 | | 261 |

| Piltar 15–16 ára | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðmundur Snær Elíasson | 73 | 76 | 81 | | 230 |
| Pálmi Freyr Davíðsson | 83 | 81 | 76 | | 240 |
| Jósef Ýmir Jensson | 82 | 90 | 80 | | 252 |

| Stelpur 15–16 ára | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Gunnhildur Hekla Gunnarsdóttir | 88 | 94 | 89 | | 271 |
| Díana Ósk Ævarsdóttir | 120 | 120 | 116 | | 356 |

| Öldungar karla 50 ára+ | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Helgi Svanberg Ingason | 75 | 79 | 76 | | 230 |
| Kjartan Jóhannes Einarsson | 78 | 80 | 77 | | 235 |
| Sigurður Ásgeirsson | 80 | 76 | 82 | | 238 |

| Öldungar kvenna 50 ára+ | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Elísabet Böðvarsdóttir | 90 | 81 | 87 | | 258 |
| Bergljót Kristinsdóttir | 91 | 90 | 94 | | 275 |
| Rebecca Oqueton Yongco | 90 | 85 | 102 | | 277 |

| Öldungar karla 65 ára + | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Gunnar Árnason | 76 | 78 | 83 | | 237 |
| Hinrik Árni Bóasson | 88 | 70 | 91 | | 249 |
| Sigurður Ásgeir Ólafsson | 86 | 82 | 81 | | 249 |

| Öldungar kvenna 65 ára + | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Ragna Stefanía Pétursdóttir | 98 | 92 | 99 | | 289 |
| Ásta Birna Benjamínsson | 93 | 103 | 102 | | 298 |
| Soffía Ákadóttir | 102 | 103 | 103 | | 308 |

| Öldungar karla 70 ára + (Punktar) | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Punktar alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Sigurður Njáll Njálsson | 20 | 19 | 17 | | 56 |
| Ólafur Ingólfsson | 13 | 20 | 22 | | 55 |
| Guðmundur Ólafsson | 19 | 20 | 16 | | 55 |




Pipar\TBWA \ SÍA

## Sund fyrir alla

Sundlaugarnar í Kópavogi bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu með vatnsrennibrautum, gufu, heitum og köldum pottum. Frítt fyrir yngri en 18 ára og 67 ára og eldri.

**Opið**
virka daga 6:30–22:00,
um helgar 8:00–18:00

**Sundlaug Kópavogs**
Borgarholtsbraut 17–19

**Salalaug**
Versölum 3

**Sundlaugar Kópavogs**

kopavogur.is




# Tvöfaldur sigur á Íslandsmótinu!



Nýr kafli var skrifaður í afrekssögu GKG þegar Aron Snær Júlíusson og Hulda Clara Gestsdóttir sigruðu tvöfalt í stærsta móti ársins, Íslandsmótinu í höggleik, sem fram fór á Jaðarsvelli hjá GA.

Áður höfðu Sigmundur Einar Másson (Simmi), Birgir Leifur Hafþórsson og Bjarki Pétursson landað Íslandsmeistaratitlum fyrir GKG í karlaflokki, en Hulda Clara er fyrsti sigurvegari frá GKG í kvennaflokki.

Sigrar Arons og Huldu eru sérlega sætir af þeim sökum að líkt og Simmi ólust þau upp í barna- og unglingastarfi GKG. Þau eru mikil hvatning hinna fjölmörgu ungu efnilegra kylfinga sem æfa hjá GKG. Hinsvegar, eins og allir vita þá kemur árangur í hæsta gæðaflokki ekki af sjálfu sér. Að baki árangurs Arons og Huldu liggur mikil vinna í mörg ár, þrautseigja þegar á móti blæs, jákvætt hugarfar á æfingum og á velli, góð aðstaða, góð þjálfun og ekki síst stuðningur félagsmanna og aðstandenda.

Öll sú vinna og fjárfestingar í golfvellinum, æfingaaðstöðu, þjálfun ofl., til handa hinum almenna félagsmanni jafnt sem börnum, unglingum og afrekskylfingum, verður margfalt þess virði þegar við sjáum okkar kylfinga ná sínum markmiðum og titlum.

Slíkur árangur frábærra fyrirmynda eins og Huldu Clöru og Arons Snæs fylla okkur miklu stolti!

Áfram GKG!


Enski boltinn
eins og hann
á að vera
Premier League
Síminn SPORT
ICELANDAIR
HÚSASMIÐJAN
Coca-Cola
Domino's



# Í góðu samstarfi við skólasamfélagið

GKG og skólar í Kópavogi og Garðabæ hafa byggt upp gott samstarf á undanförnum árum.
Sem dæmi hafa Garðaskóli, Vatnsendaskóli og Lindaskóli verið með golfáfanga mörg undanfarin ár sem valgreinar fyrir sína grunnskólanemendur. Einnig höfum við tekið vel á móti nemendahópum og kynnt fyrir þeim golfíþróttina. Inniaðstaðan í Íþróttamiðstöðinni hefur svo sannarlega komið sér vel og gert golfíþróttina mjög áhugaverða fyrir nýja iðkendur, þar sem möguleikarnir á að setja upp skemmtilega golfleiki og þrautir í hermunum eru nær óendanlegir. Einnig höfum við þróað gott samstarf með Menntaskólanum í Kópavogi (MK) og Fjölbrautarskólanum í Garðabæ (FG) en nú er hægt að stunda golf undir handleiðslu þjálfara GKG sem valgrein á afreksbrautum skólanna. Samstarf við MK hófst fyrir ári síðan en við FG núna í haust.
Unglingar sem eru að huga að framhaldsnámi og hafa áhuga á að stunda sína íþrótt samhliða náminu eru hvattir til að skoða möguleikana sem MK og FG hafa upp á að bjóða. Það er spennandi valkostur að geta stundað íþróttina sína samhliða námi, bætt árangurinn enn frekar og fengið einingar til náms í leiðinni.



## LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI 2020 - 2021




| | | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | September | Október | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2020 | (gult) | 4.043 | 6.450 | 5.882 | 6.697 | 3.840 | 2.039 | 28.951 |
| 2021 | (blátt) | 4.593 | 6.528 | 6.572 | 6.025 | 3.030 | 980 | 27.727 |

## LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI 2020 - 2021




| | | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | September | Október | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2020 | (gult) | 4.432 | 6.877 | 6.993 | 6.921 | 3.757 | 1.894 | 30.875 |
| 2021 | (blátt) | 4.855 | 6.574 | 6.601 | 6.777 | 2.919 | 1.318 | 29.044 |



## Heldri kylfingar GKG 65+
## Skýrsla stjórnar fyrir árið 2021

Öldunganefnd skipa: Atli Ágústsson, Randver Ármannsson, Örn Ásmundsson, Svandís Bjarnadóttir, Gunnar Árnason og Hrefna Sigurðardóttir, formaður.

### Golfhermamót 2021

Við vorum dugleg að mæta í mótin okkar eftir áramót, en aðeins 3 gátu verið í hverjum hermi og því var spilað frá 9:00 til 11:30, 24 pláss og svo aftur frá 11:30 til 14:00, 24 pláss. Við spiluðum frá janúar fram í apríl. Þetta var skemmtilegt og gekk allt vel þrátt fyrir Covid.

### Sumardagskráin 2021

19. maí var æfingamót á Mýrinni 9 holur.
2. júní Leirdalurinn 18 holur.
23. júní Selfoss 18 holur og ræst var út af öllum teigum.
21. júlí Mýrin 9 holur.
4. ágúst Sandgerði 18 holur.
18. ágúst Leynir á Akranesi 18 holur
8. september lokamót á Mýrinni 9 holur – og síðan lokahófið kl. 17:00 með mat og afhending verðlauna fyrir sumarið.
Mjög ánægjuleg stund og góð mæting.

### Vetrardagskrá 2021-2022

Við erum með 10 herma í vetur frá kl. 9:00 til 12:00 annan miðvikudag í hverjum mánuði. 13. október – 10. nóvember – 8. desember – 12 . janúar – 9. febrúar – 9. mars – 13. apríl.
Mótin verða auglýst þegar nær dregur.

Mótagjöldin í sumar voru kr. 238.000, kostnaður vegna verðlauna var kr. 45.982 og því gátum við afhent klúbbnum kr. 192.018 sem rennur til barna- og unglingastarfs GKG.
Við viljum þakka framkvæmdastjóra og öllu starfsfólki GKG fyrir frábært samstarf og stuðning á árinu. Starfsfólk Mulligan fær einnig okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf og góða þjónustu.

Fyrir hönd nefndarinnar
Hrefna Sigurðardóttir formaður.

# 60V MAX
# FLEX-FORCE POWER SYSTEM™
# EASY POWER





NÝTT!

**HEKKKLIPPUR**
Beinn og skilvirkur sláttur. Flugbeitt skæri. Auðvelt í notkun og meðfærilegt.

**LAUFBLÁSARI**
Kraftinum er auðveldlega stjórnað með einum fingri. Hraðabreytingar, Turbo kraftur og sjálfvirk hraðastýring



**SLÁTTUORF**
Betri afköst og ending. Þetta sláttuorf er framleitt til þess að takast á við krefjandi verkefni.



**RAFHLAÐAN**
Hleðslurafhlaða fyrir öll verk.
Þrjár mismunandi stærðir í boði
2.5Ah – 6.0Ah - 7.5Ah
Öll 60 volt





**GARÐSLÁTTUVÉL**
Fer alltaf í gang! Ekkert vesen. Þægileg í notkun og umgengni. Samanbrjótanleg og fyrirferðalítil í geymslunni eða bílskúrnum.

**SNJÓBLÁSARI**
Öflugur snjóblásari með stillanlegum kastara. Fer leikandi í gegn um mikinn og þungan snjó og kastar allt að 12 metra. Samanbrjótanlegur og fyrirferðalítill í geymslunni eða bílskúrnum.

TORO®
Count on it.

VINNUVÉLAR
& LANDBÚNAÐUR

DESJAMÝRI 8, 270 MOSFELLSBÆR +354 496 4400 / VINNUVELAREHF.IS



## Skýrsla Vallarstjóra 2021

Vellir okkar komu vel undan vetri og var opnað til golfleiks þann 8. Maí og náði tímabilið til og með 1 nóvember. Þetta gerir tímabil upp á 178 daga sem er 13 dögum lengra en árið áður. Mikið var spilað hjá okkur og var þetta tímabil ekki mikið frábrugðið frá árinu á undan hvað það varðar.

Þegar hugsað er til baka og hugsað um sumarið og hvernig veðrið var það er bara eitt orð sem kemur upp í hugann og er það orðið grátt því ekki lét sólin mikið sjá sig en gott sumar samt sem áður.

Covidið var eitthvað að stríða okkur í byrjun tímabils en svo fór allt út á völl eins og við eigum að þekkja þetta og kylfingar spiluðu sitt golf með öllu tilheyrandi.

Þetta hefur verið mjög svo annasamt ár hjá Vallarstarfsmönnum GKG og í mörg horn að líta ekki bara í almennu viðhaldi heldur líka í miklum framkvæmdum sem klúbburinn hefur staðið í í ár.

## Framkvæmdir

Það er líklega hægt að segja að árið í ár sé eitt mesta framkvæmda ár í það minnsta síðustu 20 árin. Það er búið að leggja mikla vinnu og peninga í framkvæmdir á árinu, sjá má á listanum hér að neðan sem við flokkum sem stærri framkvæmdir hvað búið er að gera á þessu starfsári:

- Ný teigmerki sem eru heima smíðuð
- Ný „divotbox“ sem eru heima smíðuð
- Kanntsteinn við 12 flöt
- Kanntsteinn við teigana á 2 braut á Mýrinni
- Stígur við 1 teigana á Mýrinni lengdur og malbikaður
- Settar mottur við teigana á 1 braut á Mýrinni
- Ný púttflöt kláruð og sáð í hana
- Glompa hægra megin á 4 braut endurgerð eftir að dren var lagt inn í hana
- Glompa vinstra megin við flöt á 5 braut endurgerð
- Glompa hægra megin við flöt á 5 braut endurgerð
- Glompa framan við 11 flöt endurgerð
- Glompu hægra megin við 11 flöt lokað
- Tröppur við 1 teig á Leirdalsvelli
- Dren rás við 3 teiga á Mýrinni
- Nýjar teigmerkingar á Leirdalnum
- Settir stórir steinar fyrir ný skilti á leirdalnum
- Stígur heim að 47 teig á 16 braut malbikaður
- Endurgerð á 18 flötinni og sáning í hana
- 3 brautin löguð fram að rásinni
- Tvær nýjar glompur mótaðar í 3 brautina
- Um þriðjungur af holtinu á 16 braut breytt í grassvæði
- Um 4 hektara svæði mótað sunnan við skálann, verki ekki lokið.
- Töluverð grisjun trjáa víða um völl
- Glompa hægra megin við flöt á 3 á Mýrinni löguð
- Ný brú á 16 brautina




KPMG
Sjálfbærni er ein mikilvægasta áskorun fyrirtækja og stofnana
Spurningin er hvernig tekist er á við þá áskorun
Starfsfólk KPMG býr yfir breiðri þekkingu og reynslu á sviði umhverfis- og loftslagsmála, félagslegrar sjálfbærni, stjórnarhátta og hagsældar.
Þá nýtur sjálfbærniteymi okkar stuðnings reynslumikils hóps sérfræðinga á sviði endurskoðunar, lögfræði, skattamála og gagnagreininga, bæði hérlendis og erlendis.
Saman vinnum við að sjálfbæru samfélagi.
Nánari upplýsingar er að finna á vef KPMG eða í síma 545 6000.
kpmg.is



Stærsta einstaka verkefnið á árinu er klárlega landmótun á svæðinu sunnan við Íþróttamiðstöðina, en þar er um 4 hektara svæði sem er búið að móta þó svo að mikil vinna sé eftir við að klára það svæði og safna mold til að setja yfir og sá svo í. Þarna eru tvær stórar og myndarlegar flatir og búið er að sá í aðra þeirra. Þarna er unnið eftir teikningum frá Snorra Vilhjálmssyni Golfvallaarkitekt og var svo fenginn „shaper" að nafni Tony Ristola til að móta landið eftir grunninum frá Snorra. Þetta verk gekk ágætlega en jarðvegurinn á svæðinu var afar erfiður þar sem mikið af grjóti er í holtinu. Framundan er að fara í grjóthreinsun sem unnin er á stórum vinnuvélum og jafna svo betri mold yfir allt nema flatir og sá svo í allt svæðið og rækta það áfram. Það var gaman hvað margir félagar voru að fylgjast með okkur að störfum og komu og skoðuðu, all flestir voru ánægðir með það sem fyrir augum lá.

Ef listinn hér að ofan er skoðaður þá gleymdum við ekki vellinum okkar þó svo mikið hafi verið að gera á nýja svæðinu og var margt gert til að snyrta og bæta völlinn. Allt þetta gekk nokkuð vel og er það að þakka frábærum vallarstarfsmönnum GKG.

## Vélakostur

Þetta er svo stórt ár á ýmsa vegu, fjárfestingar í nýjum tækjum hefur ekki verið jafn stór á einu ári í það minnsta 20 ár sem undirritaður hefur verið hjá GKG. Í vor komu fimm nýjir vinnubílar og einn nýr vallargæslubíll. Þá kom ný dráttarvél nú í haust nokkrum mánuðum á eftir áætlun en þannig er nú þessi heimur í dag. Einnig á haustmánuðum var keypt vélhjólbara sem mun nýtast vel í allar framkvæmdir í framtíðinni. Eldri tæki voru seld.

## Starfsmannahald

Fjórir heilsárssstarfsmenn eru á Vallarsviði. Guðmundur Árni Gunnarsson Vallarstjóri, Guðni Þorsteinn Guðjónsson Aðstoðar Vallarastjóri, Hafsteinn Eyvindsson Verkstæðisformaður og Andrés I. Guðmundsson Yfirsnyrtipinni.

Þegar hvað mest gekk á í sumar voru 25 starfsmenn hjá GKG og ber að þakka þeim frábær störf fyrir GKG í sumar. Líkt og í fyrra þá erum við að taka inn starfsmenn fyrr á vorin og halda þeim lengur fram á haustið sem gerir það að verkum að við náum alltaf að gera meira og meira til að fegra og bæta völlinn okkar.

## Lokaorð

Þá er tuttugasta starfsári mínu lokið hjá GKG. Þetta hefur verið viðburðarríkt ár eins og síðustu nítján þar á undan. Líklega hefur aldrei verið meira að gera en í ár þar sem framkvæmdir voru miklar en allt gekk ágætlega.

Það er mín tilfinning að félagar okkar séu ánægðir með þær framfarir sem eiga sér stað á vellinum, met ég það út frá spjalli mínu við fjölmarga í hverri viku þar sem vallarstarfsmenn eru að fá hrós fyrir sitt framlag sem gleður okkur.

Það er von mín að á nýju ári sjáum við fram á að undirbúningi að nýju áhaldahúsi fleiti fram og það styttist í bætta og betri vinnuaðstöðu fyrir vallarstarfsmenn.

Að lokum langar mig að þakka frábæru starfsfólki sem var með okkur á Vallarsviði þetta ár sem er að líða fyrir frábært samstarf. Þá vill ég þakka sérstaklega Guðna, Hafsteini og Andrési fyrir samstarfið, einnig framkvæmdarstjóra, formanni, vallarnefnd og stjórn GKG fyrir samstarfið.

Guðmundur Árni Gunnarsson
Vallarstjóri.





## Vallarnefnd GKG 2021

Vallarnefnd er ein af leiðum félagsmanna til að hafa áhrif á framkvæmdir og umhirðu golfsvæðis GKG. Vallarnefnd heldur reglulega fundi með vallarstjóra GKG þar sem m.a. verkefnum er forgangsraðað en auk þess fundar hún aukalega þegar vinna þarf úr ákveðnum verkefnum eða veita álit.

**Vallarnefnd GKG 2021:**
**Björgvin Smári Kristjánsson**
**Einar Þorsteinsson**
**Elísabet Böðvarsdóttir**
**Sigurður Kr. Egilsson**
**Sigurfinnur Sigurjónsson**
**Ingunn Einarsdóttir**
**Jón Ingvar Jónasson**
**Guðmundur Á. Gunnarsson, vallarstjóri**
**Guðni Þorsteinn Guðjónsson, aðstoðarvallarstjóri**

Eitt þema vallarnefndar síðustu 2-3 ár hefur verið almenn snyrting á vellinum til að heildarupplifun golfarans sé með allra besta móti. Alls hafa nú verið byggðar 11 tröppur við teiga í þeim tilgangi að beina umferð og verjast átroðningi. Fjöldi kantsteina hafa verið lagðir við göngustíga í sama tilgangi og umferðastýring hefur nú verið bætt. Búið er að drena flest viðkvæm svæði í Leirdalnum, og eru nýlagðar drenlagnir nú mældar í km. Ellefu glompur hafa verið teknar í gegn og umhverfið í kringum þær.
Vorið 2021 var m.a. nýtt til að setja átján holtagrjót við alla teiga í Leirdalnum sem hluti af þeirri upplifun að tengjast betur nánasta umhverfi vallarins, þ.e. Heiðmörk. Ný skilti voru sett upp samhliða og ný teigmerki. Göngustígur var lengdur og malbikaður við 1. teig í Mýrinni sem og kantsteinn lagður við 2. teig.
Klárað var að hanna og sá í nýja æfingaflöt við íþróttahúsið, sem verður stærsta æfingagrín á Íslandi og mun það nýtast barna- og unglingastarfi einstaklega vel ásamt hinum almenna félagsmanni. Æfingagrínið verður opnað á árinu 2022 enda hefur sáning gengið vel.
Ekki með svo mikilli eftirsjá, var 18. grínið rifið upp og endurhannað eftir meistaramótið 2021. Engu var til sparað við hönnun á flötinni og var fenginn erlendur "shaper" til móta grínið eftir teikningu frá Snorra, okkar ágæta golfvallarhönnuði. Vonir standa til um að hægt verði að opna það seinnipart næsta sumars, en ytri aðstæður, þ.e. veðrið mun ráða úrslitum þar um.
Farið var í stórframkvæmdir ofan við 1. brautina í Leirdalnum og mótað var fyrir tveimur nýjum brautum í samræmi við teikningar að nýjum velli. Félagsmenn, sem og barna- og unlingastarfið geta þá nýtt þetta nýja svæði sem æfingasvæði, og vonir standa til að hægt sé að opna það sumarið 2023.
Í haust var farið í stórframkvæmdir við 3. og 16. braut í Leirdal. Í viðhorfskönnun félagsmanna var mikið kallað eftir lagfæringu á 3. braut þar sem hún er óslétt og bylgjótt. Fyrri hluti brautar, þ.e. fyrir neðan læk hefur nú verið endurmótuð inn í landslagið og tyrft. Þetta er stærsta tyrfing sem félagið hefur lagt í, eða samtals 7.120 fm. Ekki verður mikil röskun vegna þessa, og má búast við að hún opni seinni partinn í maí eða fyrstu vikuna í júní 2022.
Holtið við 16. brautina í Leirdalnum var jafnframt jafnað að hluta og tyrft. Sumum hefur þótt holtið vera frekar ósanngjarnt, og þá sérstaklega fyrir þá sem eru með hærri forgjöf. Þó svo stærsti hluti holtsins sé enn til staðar, er núna komin leið framhjá því sem kallar ekki á eins mikla refsingu. Þetta raskar ekki álfasteininum, en til varúðar var leitað eftir samþykki álfanna fyrir þessari framkvæmd. Þó svo Guðmundur hafi haft töluverðar áhyggjur af þessu, þá hafa ekki orðið neinar bilanir á vélum eða tækjum við þessa framkvæmd. Er það vel.
Framundan eru frekari framkvæmdir sem lúta að því að snyrta völlinn enn frekar, enda hafa þær mælst vel fyrir hjá félagsmönnum.
Þessar framkvæmdir hafa verið samhliða almennum slætti og hirðingu á 27 golfholum. Það er því óhætt að segja að vallarstarfsmenn hafa lagt mikið á sig til að bæta enn frekar okkar frábæra golfvöll.

Vallarnefnd þakkar vallarstjóra og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf.

Sigurður Kr. Egilsson,
formaður vallarnefndar GKG

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur GKG og markmið eru skv. lögum hans að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni.

Á rekstrarárinu voru tekjur umfram gjöld 9,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Á rekstrarárinu störfuðu 20 starfsmenn hjá klúbbnum. Eigið fé klúbbsins í lok rekstrarársins nam 338,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning klúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2020 til 31. október 2021.

Garðabær, 26. nóvember 2021

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar rekstrarárið 1. nóvember 2020 til 31. október 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. október 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á rekstrarárinu sem lauk 31. október 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.
Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 29. nóvember 2021

***KPMG ehf.***






Flestu leikmennirnir. Flestu sigrarnir. Mesta traustið.
Titleist Pro V1 og Pro V1x. Tíaðu upp með bolta #1.

Titleist
#1 ball in golf®

Heimildir: Darrell Survey, Sports Marketing Surveys, LTD., CNPS.

# Rekstraryfirlit
# 1. nóvember 2020 til 31. október 2021

| | Skýr. | 1.11.-31.10. 2021 | 1.11.-31.10. 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Félagsgjöld | 2 | 203.503.775 | 174.079.813 |
| Vallargjöld | | 15.518.868 | 15.437.963 |
| Leigutekjur | | 60.419.965 | 35.358.414 |
| Tekjur af golfmótum | | 15.382.889 | 14.566.026 |
| Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar | | 48.861.904 | 34.296.886 |
| Sértekjur íþróttasviðs | | 22.373.213 | 20.590.839 |
| Vörusala | | 23.498.592 | 19.041.437 |
| Aðrar rekstrartekjur | 12 | 2.886.170 | 8.806.143 |
| | | 392.445.376 | 322.177.521 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 13 | 207.363.531 | 180.973.585 |
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | 14 | 28.942.188 | 18.062.334 |
| Golfvöllur og æfingasvæði | 15 | 34.906.814 | 24.658.378 |
| Keppnisgolf, mótahald og kennsla | 16 | 14.187.306 | 14.404.893 |
| Gjöld til GSÍ | | 10.636.200 | 8.881.200 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 17.147.320 | 14.572.955 |
| Annar rekstrarkostnaður | 17 | 18.912.393 | 17.565.437 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3,7 | 36.008.714 | 17.756.325 |
| | | 368.104.466 | 296.875.107 |
| **Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld** | | 24.340.910 | 25.302.414 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 1.546.164 | 819.320 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 16.748.885) | ( 14.757.507) |
| | | ( 15.202.721) | ( 13.938.187) |
| **Tekjur umfram gjöld** | 9 | 9.138.189 | 11.364.227 |

# Efnahagsreikningur 31. október 2021

| | Skýr. | 31.10.2021 | 31.10.2020 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Golfvöllur | | 243.487.015 | 228.682.767 |
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | | 108.817.728 | 78.017.580 |
| Bifreiðastæði og umhverfi | | 49.323.994 | 50.330.607 |
| Vélar, tæki og áhöld | | 83.373.760 | 73.397.627 |
| Fastafjármunir samtals | 3,7 | 485.002.497 | 430.428.581 |
| **Langtímakröfur:** | | | |
| Langtímakrafa á bæjarfélag í samræmi við samkomulag | 8 | 90.000.000 | 180.000.000 |
| Langtímakröfur samtals | | 90.000.000 | 180.000.000 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 4 | 7.495.897 | 6.860.971 |
| Viðskiptakröfur | 5 | 5.846.762 | 3.999.614 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | 8 | 90.000.000 | 90.000.000 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 11.740.800 | 0 |
| Handbært fé | | 779.270 | 10.386.251 |
| Veltufjármunir samtals | | 115.862.729 | 111.246.836 |
| **Eignir samtals** | | 690.865.226 | 721.675.417 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | | 338.392.282 | 329.254.093 |
| Eigið fé | 9 | 338.392.282 | 329.254.093 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 10 | 210.000.000 | 220.148.852 |
| Langtímaskuldir samtals | | 210.000.000 | 220.148.852 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 17.910.338 | 45.351.472 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 10 | 93.333.333 | 105.670.061 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 8.373.088 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 22.856.185 | 21.250.939 |
| | | 142.472.944 | 172.272.472 |
| Skuldir samtals | | 352.472.944 | 392.421.324 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 690.865.226 | 721.675.417 |

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. nóvember 2020 til 31. október 2021

| | Skýr. | 1.11.-31.10. 2021 | 1.11.-31.10. 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tekjur umfram gjöld | 9 | 9.138.189 | 11.364.227 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | (707.141) | (1.723.582) |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3,7 | 36.008.714 | 17.756.325 |
| Veltufé frá rekstri | | 44.439.762 | 27.396.970 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Vörubirgðir, hækkun | | (634.926) | (2.499.369) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | (13.587.948) | 5.321.714 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | (25.835.888) | 14.364.992 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | (40.058.762) | 17.187.337 |
| Handbært fé frá rekstri | | 4.381.000 | 44.584.307 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 7 | (91.345.487) | (342.248.034) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 1.470.000 | 3.850.000 |
| Mótframlag bæjarfélags samkvæmt samkomulagi | 8 | 90.000.000 | 103.541.201 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 124.513 | (234.856.833) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 170.000.000 | 277.322.386 |
| Afborgun langtímalána | | (192.485.582) | (104.201.413) |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 8.373.088 | 0 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 0 | 24.301.891 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (14.112.494) | 197.422.864 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | (9.606.981) | 7.150.338 |
| **Handbært fé í byrjun rekstrarársins** | | 10.386.251 | 3.235.913 |
| **Handbært fé í lok rekstrarársins** | | 779.270 | 10.386.251 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | | |
| Krafa á bæjarfélag | 8 | 0 | 270.000.000 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir, styrkur frá bæjarfélagai | 8 | 0 | (270.000.000) |

augað
KRINGLUNNI, 2 HÆÐ.

E-Z-GO

Traustir

Áreiðanlegir

Endingargóðir




Allir golfbílar GKG eru EZGO.

MHG
VERSLUN

MHG Verslun ehf I Víkurhvarf 8 I 203 Kópavogi I Sími 544 4656 I www.mhg.is














Callaway





# HÓPFERÐIR

## TALAÐU VIÐ SÉRFRÆÐINGANA!

Golfhópar, árshátíðarhópar, íþróttafélög, vinir, hjólahópar, saumaklúbbar.

Fáið tilboð hjá okkur.
**hopar@visitor.is**



Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

Hamraborg 20 • 200 Kópavogur • Sími 578 9888 • visitor.is



# KLÚBBMEISTARAR GKG 2021

## SIGURÐUR ARNAR GARÐARSSON

## ANNA JÚLÍA ÓLAFSDÓTTIR











# HEIMSKLASSA AÐSTAÐA

**Bókanir á gkg.is**

# Eitt klikk og allt getur klikkað!

Með **Netöryggistryggingu TM** er þitt fyrirtæki verndað gegn fjárhagslegu tapi í kjölfar netárásar, gagnaleka eða auðkennisþjófnaðar.

**Kynntu þér málið á tm.is**

**Hugsum í framtíð**

TM